



Lúxemborg, 14. desember 2011

Fréttatilkynning 14/2011

Dómur í máli E-8/11 *Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi*

ÍSLAND BRÝTUR GEGN SKYLDUM SÍNUM SAMKVÆMT TILSKIPUN 2002/49/EB MED ÞVÍ AÐ HAFI EKKI LÁTIÐ GERA STEFNUMARKANDI HÁVAÐAKORT OG AÐGERÐAÁÆTLANIR FYRIR AÐALVEGI INNAN SETTRA TÍMAMARKA.

Með dómi sem kveðinn var upp í dag komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að Ísland hefði brotið gegn skyldum sínum samkvæmt 1. mgr. 7. gr., 1. mgr. 8. gr. og 10. gr. tilskipunar 2002/49/EB. Brot Íslands væru fölgin í því að ekki hefði verið tryggt að þar til bær yfirvöld hefðu gert stefnumarkandi hávaðakort fyrir aðalvegi sem fleiri en sex milljónir ökutækja færu um á hverju ári, ásamt því að samþykkja slík kort og gera aðgerðaáætlanir þar sem við ætti. Enn fremur hefði skort á að upplýsingar úr hávaðakortum og samantekt á aðgerðaáætlunum væru send Eftirlitstofnun EFTA (ESA) innan tilskilinna tímamarka.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB frá 25. júní 2002 um mat og stjórn á hávaða í umhverfinu er tekin upp í EES-samninginn á grundvelli Bókunar 1 við samninginn. Tilskipunin mælir fyrir um að eigi síðar en 30. júní 2007 skuli aðildarríki EEA-samningsins hafa gert hávaðakort sem sýni stöðuna á undagengnu almanaksári fyrir meðal annars alla aðalvegi, sem fleiri en sex milljónir ökutækja fara um á hverju ári. Með sama hætti er kveðið á um í tilskipuninni að aðildarríki skuli sjá til þess að lögbær yfirvöld hafi, eigi síðar en 18. júlí 2008, samið aðgerðaáætlanir sem miða að því að hafa á yfirráðasvæði sínu stjórn á vandamálum og óæskilegum áhrifum tengdum hávaða, þar á meðal á stöðum nærri aðalvegum sem fleiri en sex milljónir ökutækja fara um á ári. Jafnframt er þar mælt fyrir um að aðildarríkin skuli tryggja að upplýsingar á stefnumarkandi hávaðakortum og í samantektum aðgerðaáætlana, séu sendar ESA.

Ekki var um það deilt í málinu að þegar sá tímafrestur sem ESA hafði sett í rökstuttu álitinu sínu var liðinn, voru sex aðalvegir á Íslandi sem meira en sex milljónir ökutækja færu um á hverju ári og að íslensk yfirvöld hefðu hvorki útbúið stefnumarkandi hávaðakort né aðgerðaáætlanir fyrir þessa vegi. Ísland hélt því hins vegar fram í málinu að þar sem þessir sex aðalvegir væru allir á höfuðborgarsvæðinu, þá bæri íslenskum yfirvöldum ekki skylda að útbúa þessi hávaðakort og aðgerðaáætlanir fyrr en 30. júní 2012 og 18. júlí 2013, en þá rynnu frestir fyrir gerð þessara gagna um höfuðborgarsvæðið út. Dómstóllinn hafnaði þessari málsástæðu og féllst á kröfu ESA með vísan til orðalags og markmiðs tilskipunarinnar.

Dómurinn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.